

Vinstri græn í Suðurkjördæmi



1. tbl. 1. árgangur desember 2006



© Helga Davíðsdóttir

Langisjór er einstakt, tært fjallavatn, milli tveggja eldfjallahryggja. Í áformum Landsvirkjunar um Skaftárveitu er gert ráð fyrir að veita jökulánni Skaftá inn í Langasjó og bæta honum við miðlunarlónin á Þjórsár-Tungnár svæðinu.

VG er flokkur sem ber virðingu fyrir náttúru Íslands. Löngum höfum við talað um tengsl Íslendinga við náttúruöflin, vættir og álfa og sagt útlendingum stolt frá því hvernig náttúra landsins tengist okkar innra landslagi. Undanfarin ár hefur hömlulaus eyðilegging átt sér stað – við höfum orðið fyrir óafturkræfu tjóni og nú ber okkur að standa vörð um framtíð Íslands. VG í Suðurkjördæmi hefur skýrar línur í umhverfismálum. Við erfum ekki landið frá forfedrum okkar, við erum með það að láni frá komandi kynslóðum! Þetta er grundvallarhugsun sem þarf að vera okkur skýr þegar við tökum ákvarðanir um hvernig við ætlum að haga framtíðinni. Það á ekki einungis við um umhverfismál, heldur snýr þetta að öllum málafnum sem snerta okkar starf. Framboðslisti VG til Alþingis í komandi kosningum endurspeglar einlægán vilja okkar til að

leiðrétta félagslegt óréttlæti og þá landlægu misskiptingu sem hefur aukist undanfarin ár.

Við höfum skýra framtíðarsýn. Okkur þykir vænt um landið okkar, náttúru og þá sem í því búa. Við viljum búa í samfélagi þar sem börnunum okkar líður vel, aldradir geta átt áhyggjulaust ævkvöld og við höfum möguleika á að njóta samvista hvort við annað. Tilfinningar okkar hafa afar mikið að segja um það hvaða ákvarðanir við tökum um framtíðina. Við treystum á þær þegar við tökum stærstu skref lífs okkar, við í VG trúum því að stefna okkar sé í átt til betra samfélags. Við höfum hugsjónir og skýra stefnu í átt að því að uppfylla þá drauma um það land sem við viljum búa í, framtíðina fyrir börnin okkar.

Vinstri Græn óska Sunnlendingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Framboðslisti Vinstri grænna í Suðurkjördæmi 2007

1. Atli Gíslason, lögmaður, Reykjavík
2. Alma Lía Jóhannsdóttir, deildarstýra, Selfossi
3. Ragnheiður Eiríksdóttir, tónlistar- og útvarpsm., Reykjanesbæ
4. Sigprúður Jónsdóttir, náttúrufræðingur, Gnúpverjahreppi
5. Hólmar Tryggvason, trésmiður, Reykjanesbæ
6. Jórunn Einarsdóttir, grunnskólakennari, Vestmannaeyjum
7. Kristín G. Gestsdóttir, grunnskólakennari, Hornafirði
8. Arndís Soffía Sigurðardóttir, ferðaþjónustubóndi, Fljótshlíð
9. Kári Kristjánsson, landvörður Lakagígum, Kirkjubæjarkl.
10. Guðrún Olga Clausen, kennari, Hveragerði
11. Pétur Halldórsson, héraðsráðunautur, Hvolsvelli
12. Marta Guðrún Jóhannesdóttir, bókmenntafræðingur, Garði
13. Sigurlaug Gröndal, skrifstofustýra, Þorlákshöfn
14. Aldís Gunnarsdóttir, ferðamálafræðingur, Vestmannaeyjum
15. Agnar Sigurbjörnsson, verkamaður, Reykjanesbæ
16. Jón H. Ragnarsson, bóndi, Bláskógabyggð
17. Hildur Hákonardóttir, vefari, Ölfusi
18. Sævar Kristinn Jónsson, bóndi, Hornafirði
19. Guðrún Jónsdóttir, lífeyrislaunakona, Selfossi
20. Karl Sigurbergsson, eldri borgari og fv. skipstj., Reykjanesbæ

Vinstri græn í Suðurkjördæmi

Útgefandi: Kjördæmisráð Vinstri Grænna í Suðurkjördæmi.

Ritnefnd: Andrés Rúnar Ingason, ábyrgðarmaður, Hilmar Björgvinsson og Sædís Ósk Harðardóttir.

Umbrot: Andrés Rúnar Ingason.

Prentun: Íslandsprent.

Upplag: 15.200 eintök. Dreift um allt Suðurkjördæmi.

Afdrifaríkir tímar í íslenskum stjórnámum

Sveitarstjórnarkosningarar í vor sem leið skiluðu Vinstrihreyfingunni - grænu framboði miklu. Við eignuðumst öflugan hóp sveitarstjórnarfólks og rödd okkar heyrir nú í flestum stærstu sveitarfélögum landsins. Fylgi okkar er nálægt 13% að vegnu meðaltali og það skilar okkur þriðja sætinu á landsvísu sem sveitarstjórnaraflí. Óþarft er að fjölyrða um hversu mikilvægur þessi áfangi var fyrir okkar ungu hreyfingu bæði vegna mikilvægis sveitarstjórnarmálanna sem slíkra en einnig hvað varðar uppbyggingu flokksstarfs og í félagslegu tilliti.

En, mikilvægar sem sveitarstjórnarkosningarar voru þá verða alþingiskosningarnar næsta vor ennþá afdrifaríkari. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur nú setið í bráðum tólf ár og þar áður notaðist Sjálfstæðisflokkurinn við Alþýðuflokkinn í fjögur. Þetta er langur tími, alltof langur tími. Í kosningunum næsta vor er gríðarlega mikilvægt að fella stjórnina og ná fram breytingum.

Stjórnarsamstarfið er útslitið og valdþreytan skín af hverju andliti. Einnig er mikil og vaxandi óánægja er með þróun mála á ýmsum sviðum og nægir þar að nefna vaxandi misskiptingu og stækkandi gjá milli ríkra og fátækra í samfélaginu.

Umhverfismálin og stóriðjustefnan, utanríkismálin og stuðningurinn við Írakstríðið, einkavæðing ríkisútvarpsins og áframhaldið í þeim efnum, allt kallar þetta á uppgjör í komandi kosningum.

Við Vinstri græn höfum einföld og skýr markmið í kosningunum. Við ætlum okkur í fyrsta lagi að leggja okkar af mörkum til þess að fella ríkisstjórnina. Takist það erum við reiðurbúin að axla ábyrgð og setjast í ríkisstjórn. Við ætlum að afla okkar baráttumálum aukins fylgis og gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að breytt verði um stefnu, í velferðarmálum, umhverfis- og utanríkismálum, atvinnu- og byggðamálum o.s.frv. Síðast en ekki síst er afar mikilvægt markmið að fá kjörna þingmenn í öllum kjördæmum landsins. Þar veit ég að félagar okkar og stuðningsmenn í Suðurkjördæmi munu ekki láta sitt eftir liggja, þar er baráttan þegar komin á fulla ferð og búið að ganga frá sigurstrangleikum framboðslista, hinum fyrsta á landinu af okkar hálfu.

Ég óska félögum og stuðningsmönnum VG, lesendum og öllum íbúum Suðurkjördæmis gleðilegra jóla og farsæls nýs árs og svo að sjálfsögðu málefnalegar og uppbyggilegar kosningabaráttu.

Steingrímur J. Sigfússon

Öflug landsbyggð er lífæð landsins

Viðtal við Atla Gíslason, sem skipar 1. sæti á lista Vinstri grænna í Suðurkjördæmi

Hvaða erindi eiga Vinstri – Græn í Suðurkjördæmi?

Ég fer ekki ofan af því að það er afar brýnt að landsmálhugsjónir Vinstri – Grænna séu á dagskrá og eigi sér öfluga málafylgjumenn í kjördæminu. Það gildir einnig um sérmál kjördæmisins sem hafa orðið verulega útundan í ríkisstjórnartíð framsóknarsjálfstæðisflokksins. Verkefni eru óþrjótandi og mörg hver þola enga bið.

Ég hleyp ekki eftir dægurvindum fremur en flokkssystkini mín og við erum ekki eins máls flokkur. Við höfum hreinar línur í öllum meginmálum og munum fylgja þeim fast eftir hvort sem er í kosningabaráttu eða þjóðmálabaráttu að þeim loknum.

Í Suðurkjördæmi sem annars staðar á landinu verðum við að takast á við mannréttindabrot gegn konum, á kynbundum launamun og kynbundnu ofbeldi og á umhverfismálum, að við skilum landinu til afkomenda okkar í jafngóðu eða betra ástandi en við tókum við því. Það verður líka að takast á um það hvort við viljum leysa mál með friðsamlegum hætti eða taka viljug þátt í Íraksstríðinu með ríkisstjórninni, stríði sem bitnar fyrst og síðast á börnum og konum. Ég er líka ákaflega upptekinn af málefnum barna með geðraskanir og vil taka á þeim vanda og ræða hann í kosningabaráttunni og einnig um kjör aldraðra.

Ef ég ætti eina ósk þá mundi ég óska þess að kosningabaráttan snérist um félagslegt réttlæti og gegn þeirri misskiptingu auðs og valda sem nú gegnsýrir þjóðfélagið. Í þessu samhengi verður þó að halda því til haga að ríkisstjórn framsóknar- og sjálfstæðisflokksins hefur staðið sig afar vel í þágu þröngs hóps ofureigna- og hátekjumanna. Svo vel að það blasir við að byggja þurfi allt að 10 flugskýli fyrir einkapotur íslenskra milljarðamæringa á Reykjavíkflugvelli.

Hver eru tengsl þín við kjördæmið?

Þau eru nokkuð margvísleg. Ég á mitt annað heimili í Grímsnesi, Ásmundur bróðir er ferðapjónustubóndi í Nesjum á Hornafirði, Jón bróðir “altmuligmand” hjá Þorbirni í Grindavík og æskufélagi minn og besti vinur, Jón Rúnar Bjarnason býr í Ytri-Njarðvík. Auk þess er Múla-



fjölskyldan í Eyjum mikið vinafólk mitt og margir fleiri íbúar kjördæmisins.

Hvað um atvinnumál?

Núverandi fákeppnisástand og blind stóriðjustefna hefur drepit í dróma nýsköpun og vöxt lítilla og meðalstórra fyrirtækja og frumkvæði einstaklinga sem er drifkraftur framfara í efnahags- og atvinnumálum hvers lands.

Ég fullyrði að Suðurkjördæmi stæði mun betur í öllu tilliti ef ríkisstjórnin hefði lagt atvinnulífi í kjördæminu til þó ekki væri nema 25% af herkostnaði sínum við álverið í Reyðarfirði.

Það er hlutverk stjórnmalamanna að efla og styðja við atvinnusköpun að frumkvæði einstaklinga í stað þess að kæfa fólk með einhæfum “patentlausnum” að ofan frá. Þessa hugsun og margt fleira orðar Steingrímur J. Sigfússon ágætlega í nýrri bók sinni “Við öll – íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum”. Mig minnir að Maó hafi sagt, leyfum þúsund blómum að blómstra. Það gildir jafnt í atvinnurekstri og félagslífi og við höfum lagt fram fjölda tillagna í atvinnumálum og bent á raunhæfar leiðir.

Ertu kjördæmapotari?

Nei, ég lít á mig sem landsmálapólitíkus og skipti ekki um pólitísk fót þótt ég fari yfir hreppamörk.

Það er hins vegar hluti af landsmálapólitík minni að tryggja að íbúar landsbyggðarinnar njóti fullra mannréttinda,

þeim sé ekki mismunað eftir búsetu. Sú er því miður raunin í fjölmörgum málum. Það mundi æra óstöðugan að telja þau öll upp en ég nefni samgöngumál og þar ber hæst tvöföldun vegakerfisins frá Þjórsárbrú til Reykjavíkur sem ríkisstjórnin hefur trassað í 15 ár. Ég nefni einnig þjónusta banka, pósts og síma. Það þarf einfaldlega að gera þeim einokunarfyrirtækjum sem sjá um þessa þjónustu það skylt í opinberum starfsleyfum sínum að sjá til þess að íbúar landsbyggðarinnar njóti sömu þjónustu og íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Hverra manna ertu?

Mamma mín, Ingibjörg Jónsdóttir húsmæðraskólakennari, er fædd og uppalin á Ísafirði og pabbi, Gísli Guðmundsson, kennari og leiðsögumaður, er frá Tröð í Hnappadal, af vondu fólki á Snæfellsnesi. Frá honum á ég einnig ættir að rekja til Kirkjubæjarklausturs, til svonefndrar Pálsættar. Ættfaðir minn var þar prófastur. Ég á fjóra bræður, Jón vélstjóra, Brand garðyrkjumann, Guðmund garðyrkjumann, sem er látinn, og Ásmund ferðapjónustubónda, og eina systur, Guðrúnu, sem er öryrki. Þrjá uppkomna syni á ég, eina fósturdóttur og þrjú barnabörn. Konan mín heitir Rannveig Sigurðardóttir, og starfar hjá Sjóvá – Almennum tryggingum, hf.

Ég óska öllum íbúum Suðurkjördæmis gleðilegra jóla og farsæls og réttláts komandi árs.



Óskum Sunnlendingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs



Guðmundur Tyrfingsson ehf.

Fjörugull - sand og
steinsmiðja, Gardi

Fiskmarkaður Bolung-
arvíkur og Suðureyrar

Prentsmiðjan Grágás

Smíðafélagið ehf

A Pálsson ehf



Á Á verktakar

Kjarnabókhald

Hestakráin Húsatóftum

Hótel Laki, Efri-Vík

Klausturbleikja



Víkurskáli

Við öll – íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum eftir Steingrím J. Sigfússon er komin út

Titill bókarinnar vísar til þess að aðalinntak stjórnmálanna eigi að vera hagsmunir heildarinnar, að bæta lífsskilyrði allra.



Í seinni tíð hefur það sjaldan gerst að forystumaður í íslenskum stjórnmálum greini skýrt og skilmerkilega frá í bók þeirri grundvallarhugmyndafræði sem hann aðhyllist. Hér eru spilin lögð á borðið og boðið upp á rökræður um stjórnmál þar sem hlutirnir eru settir í samhengi allt frá staðbundnum rammíslenskum veruleika til hraðfara breytinga á öld hnattvæðingar. Steingrímur birtir m.a. mjög áhugaverða framtíðarsýn. Efni bókarinnar er engum óviðkomandi, hún er hvalreki fyrir allt áhugafólk um stjórnmál.

Steingrímur færir rök fyrir því að stjórnmál eigi að nálgast með heildstæðum hætti, ekki sé hægt að aðskilja velferðarmál, umhverfismál, efnahags- og atvinnumál, utanríkismál, sjálfstæði og mannréttindi. Í bókinni er því komið víða við enda um mikilvægustu og umdeildustu mál samtímans að ræða.

Bókin er 224 blaðsíður, prentuð í Odda með jurtafarfa á vistvænan pappír.

Listaverkið á kápunni er eftir Mireyu Samper svo og hönnun og uppsetning kápunnar, en við uppsetninguna fékk hún aðstoð frænku minnar Ragnheiðar hjá HN Markaðssamskipti.

Feðginin Baltasar og Mireya Samper „breinstormuðu“ um hugmynd af kápu saman, þannig að hugmyndin er sameiginleg.

Umbrot bókarinnar var í höndum Ragnars Helga Ólafssonar.

Salkaforlag í eigu þeirrar dugnaðarkonu Hildar Hermóðsdóttur gefur bókina út af miklum myndarskap, (www.salkaforlag.is).

Jöfn tækifæri til lífsgæða

Viðtal við Ölmú Lísu Jóhannsdóttur, sem skipar 2. sæti á lista Vinstri grænna í Suðurkjördæmi

Hefur þú alltaf verið pólitísk?

Lífið er pólitísk! Ég hef alltaf vitað hvar ég stend, en byrjaði ekki að hafa formleg afskipti af stjórnámum fyrr en í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Þá var ég í fjórða sæti á lista VG fyrir bæjarstjórnarkosningar í Árborg og við náðum einum fulltrúa inn. Ég sit nú í nefndum og er mjög ánægð með að við skulum vera komin í meirihlutasamstarf. Það skiptir máli að vera í stöðu til að hafa áhrif og ég hlakka til að við fáum þingmann hér í Suðurkjördæmi líka og náum stöðu í ríkisstjórn.

Tækifæri fyrir alla

Hvert finnst þér mikilvægasta baráttumálið?

Að gefa öllum tækifæri á virkri þátttöku í lífinu. Aðstaða fólks er ójöfn og það þarf að leiðrétta félagslegt óréttlæti. Það gerum við með því að halda uppi frírrí grunnþjónustu fyrir alla og bótakerfi fyrir þá sem þurfa þess með. Hér er ég einkum að hugsa um börn, aldraða og öryrkja, fólk sem á ekki sömu möguleika og við hin á að bæta sín kjör sjálf. Ég vil vera rödd þeirra hópa sem eiga sér ekki málsvara.

Við eigum að nota skattakerfið til að halda almannaþjónustu uppi, þar sem hver og einn leggi sanngjarnan skerf af mörkum. Skattkerfið á ekki að íþyngja þeim sem hafa litla möguleika á vinnu-markaði eins og t.d. lífeyrisþegum með skerta starfsgetu vegna aldurs eða örorku. Margir lífeyrisþegar eiga aðeins kost á hutastarfi á lágum launum og ef þeir vinna eitthvað fyrir sér eru bætur þeirra skertar, svo fólk er nánast komið í sjálfboðavinnu. Við hin myndum ekki sætta okkur við að skatturinn hirti öll yfirvinnulaun af okkur, við höfum val.

Frí grunnþjónusta

Hvað felst í grunnþjónustu?

Þar ber hæst heilbrigðisþjónustu og menntun. Við höfum fyrir löngu ákveðið að veita slíka þjónustu með samfélagslegum hætti og hana á að veita endurgjalds-laust. Það gildir um skólakerfið frá leikskóla og upp framhaldsskóla. Innifalið í því á að vera matur fyrir börnin á skólatíma, rétt eins og kennslugögn og menntunin sjálf. Þetta á líka að gilda um alla heilbrigðisþjónustu. Sumir hafa auðvitað



efni á að borga þessa þjónustu og eiga að gera það, en með sköttum sínum. Það er þvert á anda þessarra hugmynda þegar hægristjórnin hefur verið að lækka skattbyrði hátekjufólks umtalsvert en auka skattbyrði milli- og lágtækjufólks.

Heilbrigðisþjónusta og umönnun eru nátengd. Við eigum að taka sameiginlega ábyrgð á slíkri þjónustu við aldraða, sjúka og fatlaða. Svo þarf að veita þessa þjónustu sómasamlega, en þar er mikill misbrestur á, einkum í þjónustu við aldraða. Mér finnst við eiga að sýna öldruðum þá virðingu að búa mun betur að þeim en gert er nú. Það fólk sem hefur lagt grunninn að því þjóðfélagi sem búum nú í og komið börnum sínum til manns, á ekki að þurfa að kvíða ellinni. Aldraðir eru vanýtt auðlind.

Val um búsetu

Hefur fólk mismunandi tækifæri eftir búsetu á landinu?

Já, fólk er talsvert mismunandi eftir búsetu. Auðvitað er ekki hægt að koma sömu þjónustu heim að hverjum bæjar-dyrum, en úr mörgu er hægt að bæta. Hér nefni ég samgöngur, netsamband og síma, lækniþjónustu, skólaakstur og svo þjónustu sem veitt er af einkaaðilum svo sem verslun og banka.

Svo vil ég minnst á aðstöðumun fólks eftir bakgrunni þess. Ég kynntist fjölmenn-

ingu þegar ég bjó í Osló og sé marga kosti við hana. Við eigum að taka vel á móti fólk sem flytur hingað erlendis frá, kenna því að aðlagast okkar samfélagi og læra af því líka. Gleymum ekki að kenna sjálfum okkur að aðlagast framandi menningu.

Draumaverkefni

Ertu byrjuð að huga að málum til að flytja á Alþingi?

Þetta er enn svo óraunverulegt, að vera allt í einu í aðstöðu til að segja: “Þegar ég fer á þing þá ætla ég að” Ég á endalaus verkefni af draumamálum. Ég ætla að byrja á því að spyrja fólkid í kjördæminu hvað það vilji að ég geri á þingi. Svo ætla ég að sjá hvort við eigum ekki samleið með að láta nokkra drauma ræstast.


Velferð fólks

Að lokum: Hver er þessi Alma Lísa Jóhannsdóttir?

Ég er ættuð úr Skagafirði og líka hálf norsk í báðar ættir og bjó um árabil í Noregi frá 9 ára aldri. Ég flutti til Íslands árið 1992 og nam í Háskóla Íslands og fór síðan utan til náms í háskóla í Osló. Hérlandis hef ég búið síðan 2000 og í Árborg síðan 2002. Ég starfa nú á Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi. Ætli starfsvalið endurspegli ekki áhugamálin? Ég hef áhuga á velferð fólks.




Óskum Sunnlendingum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs



HITAVEITA
SUÐURNESJA HF

VERKTÆKNI HF



SELFOSSI



RÆKTUNARSAMBAND
FLÓA OG SKEIÐA



Atvinnuþróunarfélag Suðurlands



Sveitarfélagið Árborg

Vestmannaeyjabær

Rangárþing ytra Flóahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur

© Kári Kristjánsson

Ekki réttlæt看anlegt að sitja aðgerðalaus

Viðtal við Ragnheiði Eiríksdóttur, útvarps- og tónlistarmann sem skipar 3. sæti í Suðurkjördæmi.

“Mér finnst heimurinn alltaf vera að smá versna með hverju árinu sem líður, og að lokum er það svo að það er ekki réttlæt看anlegt að sitja úti í horni og gera ekki neitt. Ég hef aldrei fengið eins sterkt á tilfinninguna og síðustu mánuði að það sé verið að taka rangar ákvarðanir í þjóðfélaginu, og það er alveg jafn mikið mitt mál og allra annarra. Ef til vill er þetta fyrst og fremst ástæðan fyrir því að ég kys að taka þátt í pólitík,” segir Ragnheiður Eiríksdóttir.

Réttlætiskend er grunnurinn

Hver er bakgrunnur þinn í pólitík?

“Það má segja að hann sé mjög lítill, en áhugi hefur lengi verið til staðar, að minnsta kosti á ákveðnum málefnum.

Ég fann snemma mjög sterka réttlætiskend, og mér hefur alla tíð fundist allur ójöfnuður hræðilega óréttlátur. Ég hugsaði þeim mun meira en framkvæmdi minna sjálf. Var þó m.a. skráð í Amnesty-samtökin, og mætti líka á mótmæli reglulega og svo framvegis.”

Hrífst af krafti fólks

“Það hefur líklega verið dvöl mín í Berlín árið 2004-2005 sem framkallaði smá hugarfarsbreytingu hjá mér,” heldur Ragnheiður áfram. “Ég sá og heyrði hve fólk á öllum aldri lét sig málefni líðandi stundar varða, og lá ekki á skoðunum sínum. Umræða um málefni er lifandi í þeirra samfélagi, og fólk lætur heyra í sér ef því mislíkar ákvarðanir sem teknar eru í þeirra nafni. Friðsamleg mótmæli eru bara partur af daglega lífinu þarna í Berlín, og þessu tók ég eftir. Þarna vill fólk vita hvað er að gerast, og af hverju það er að gerast, og jafnvel leggja sitt að mörkum til að berjast fyrir því að bestu mögulegu ákvarðanirnar séu teknar.

Ég hrífst af þessum krafti í fólki, og viljanum til að hafa góð og uppbyggjandi áhrif á samfélagið.

Þess má geta að í Berlín er allt að 30% atvinnuleysi meðal ungs fólks, en þar má ekki heyra neina uppgjöf, heldur vinnur



hreinlega að taka þátt í þessu brjálæði sem það er orðið að kaupa íbúð í Reykjavík. Svo skemmir náttúrulega ekki fyrir að foreldrar mínir búa hér, og gott er að vera nálægt þeim.”

Greiðar samgöngur opna val á búsetu

“Með tvöföldun Reykjanesbrautarinnar er ég rúman hálf tíma til vinnu,” segir Ragnheiður “og ef þróunin verður sú sama hér og til dæmis á Akranesi, verður þess ekki langt að bíða að strætisvagn gangi reglulega yfir allan daginn, og greitt verði venjulegt strætófargjald í hann. Þá

fólk saman að því að gera betur, og bæta stöðu ALLRA stétta í þjóðfélaginu.”

Heim á ný

Ertu Keflvíkingur Ragnheiður?

“Ég er fædd í Hafnarfirði, þann 25. janúar 1971, en hef verið búsett meira og minna í Keflavík og Reykjavík alla mína hunds- og kattartíð. Ég bjó fyrst í Reykjavík, með smá viðkomu í Hafnarfirði, til 9 ára aldurs, en þá flutti fjölskyldan til Keflavíkur. Þar var ég svo í ríflega 10 ár og lauk námi frá Fjölbrotaskóla Suðurnesja, áður en ég flutti að heiman til Reykjavíkur. Þar hef ég lagt stund á heimspekinám við Háskóla Íslands, og fengist við tónlistarvinnu og sköpun. Ég er svo nýflutt aftur til Keflavíkur með manni og barni, í júní síðast liðnum.”

Hvað dró þig aftur til Keflavíkur?

“Við vorum búin að vera að leita okkur að íbúð til að kaupa, en sáum fram á það að allar íbúðirnar miðsvæðis í Reykjavík væru helmingi til þrefalt hærri í verði en við vildum. Í úthverfum var þetta skárri, en þó alls ekki viðráðanlegt heldur, og þar hefðum við hvort eð er þurft að eiga og reka bíl,” segir Ragnheiður um aðdraganda þess að halda heim í Keflavík á ný. “Við reiknuðum dæmið því bara til enda, og komumst að því að auðvitað er langbest að búa utan Reykjavíkur, þar sem íbúðaverð er lægra og bílaumferð er ekki komin úr böndunum. Við neituðum

fyrst er tenging Suðurnesja við Reykjavík orðin raunveruleg, og því orðinn alvöru valkostur fyrir þá sem efast enn um ágæti Reykjanesskagans, að flytja hingað og nota sér alla þjónustu hér en sækja vinnu í Reykjavík.”



Fjölskyldujól

Að lokum, hvað verður í jólamatinn hjá þér í ár?

“Það er í höndum hennar mómmu,” segir Ragnheiður, “þar sem litla fjölskyldan borðar þar. Hvað það verður veit nú enginn vandi er um slíkt að spá. En eitt er víst að alltaf verður ákaflega gaman þá. Gleðileg jól!”

Jólahugvekja

Það eru fáir sem leiða hugann til Jósefs festarmanns Maríu Guðsmóður. Samt er vert að leiða huga til hans og þeirrar aðstöðu sem hann var kominn í endur fyrir löngu. María reynist þunguð áður en þau komu saman eins og segir í Matteusarguðspjalli. Jósef hafði ráðið það með sér, að skilja við Maríu í kyrrþey af þeim sökum, en hefði hann gert það opinberlega hefði María væntanlega verið grýtt, samkvæmt siðvenjunni! Það má segja að Jósef hafi, af karlmennsku sinni kastað karlrembunni fyrir róður með því, að hann sýndi af sér aðra hegðun en samfélagið kallaði eftir hjá festarmönnum í þessari stöðu. Í raun var fáheyrð að menn gerðu annað en viðtekin venja bauð upp á.

Það er nú svo, að menn rata í ýmsan vanda og enn verri er sá vandi sem maður ber enga ábyrgð en lendir í. Með Jósef í huga, þá vill það oft gleymast hve stóran þátt hann lék í þeirri atburðarrás sem spratt af stað, eftir að engillinn vitraðist Maríu um fæðingu frelsarans. Það var Jósef sem leiddi asnann sem bar Maríu til Betlehem. Það var Jósef sem aðstoðaði Maríu við fæðinguna. Það voru hendur hans sem tóku á móti barninu nýfædda og vafði það reifum og lagði það í jötu. Það var hann sem tók á móti hirðunum og vitringunum. Það var hann sem flúði með Maríu og barnið til Egyptalands undan Heródesi konungi. Og það var hann sem með Maríu ól upp drenginn. Hann gekk honum í föður stað. Án Jósefs hefði Guð sjálfur verið kominn í vanda!

Jósef er okkur þannig fjölbreytilegt umhugsunarefni á helgum jólum. Hann skipti um skoðun og breytt áformum sínum í ljósi nýrra upplýsinga, sem engill að vísu, færði honum í draumi. En okkur dreymir líka ýmislegt og margt vitrast okkur er við sofum en þá hefur annað ekki áhrifa á hug okkar. Það er erfitt að greina raunveruleikann milli svefnis og vöku. Það er gjarnan sagt svo að englar séu sendiboðar Guðs og það eru þeir. Og þeir eru víða og fara víða en það þarf kyrrlátt líf til að taka eftir þeim og hlusta á það sem þeir hafa að segja. Okkur er sagt frá því í guðspjallinu að engillinn hafi sagt Jósef að barnið væri af heilögum anda. En um leið er verið að segja okkur frá því sama. Barnið er af heilögum anda. Vegur sá boðskapur eitthvað í huga okkar? Í sömu andrá munum við eftir viðbrögðum Heródesar. Hann vildi drepa barnið og sendi sveina sína til þess.

Sagan um Jósef og viðbrögð hans getur þannig nýst okkur til að setja boðskap jólana í samhengi. Hvað merkir annars



Sr. Axel Árnason

orðið Jósef? Nafnið merkri MEGI GUÐ AUKA, þar sem Guð er frumlagið eða með öðrum orðum: Getur Guð unnið í gengum okkar líf, okkar hegðum og framtak í þeim takti sem Jósef vann forðum? Spurningar vakna sem snúa að þeim kjarna sem líf okkar sprettur af. Hvert er viðmið okkar í lífinu? Hver eru gildin í lífi mínu? Hvar beiti ég mér? Hver er ábyrgð mín? Vinn ég að tilveru komandi kynslóða eða er ég fullur karlrembu líka þeirri sem grýtir óborið líf og móður þess?

Í raun eru þetta pólitískar spurningar sem vakna vegna þess að kristin trú er pólitískur boðskapur eðli sínu. Af mörgu er að taka í þessum efnum og sérhver maður, hvar í flokki sem hann stillir sér og leitar merkingar í, þá þarf sérhver að spyrja sig og svara grundvallar spurningum sem eru trúarlegar í eðli sínu og ekki missa sjónir á svörunum. Hvers konar manneskja er ég? Er líf mitt verðugt? Lifi ég til góðs? Vinn ég ljósins verk meðan dagur er? Eða sækir óvinurinn að mér sem öskrandi ljón?

Í hinu eilífa og tímanlega, sjáum við hvernig tilveran snýr. Ágústus keisari er til á hverri tíð, menn sem hafa VALD í höndum sér. En það líður undir lok, hverfur- en oft sinnis haga menn sér eins og að þeir þekki ekki sögu VALDSINS. Veldi rísa og hníga- fær blóðtappa og missir allan mátt.

En Jósef laut öðru veldi, veldi sem lifir og ríkir, og nær að umbreyta fólki til góðs og gerir alla hluti nýja. Immanúel: Guð er með oss. Og það vissi Jósef. Og þetta þarft þú líka að vita og tileinka þér. Þess vegna leitast þú við að verða mennskari. Þess vegna heldur þú jólin heilög.

Kom blíða tíð, með barnsins frið.
Kom blessuð stund, með líkn og grið.
Kom hátíð æðst, og heiminn gist.
Kom helgust nótt, með Drottin Krist.

Gleðileg jól!

Vinstri græn í Suðurkjördæmi

1. tbl. 1. árgangur desember 2006

Jólaökurnar

Jóla Ella

1000 gr. smjörlíki
1200 gr. sykur
- unnið ljóst saman cirka 8 mín
12 stk. egg meðalstór
- sett út í hægt 1 í einu
2000 gr. hveiti
25 gr. natron
25 gr. kanill
25 gr. negull
75 gr. kakó
750 ml. mjólk
- sett út í og unnið saman í cirka 2 mín,
bakað við 180° í cirka 20 mín (takið
eftir að ofnar eru misjafir).

Hálfmáanar m/ rababarasultu

2000 gr. hveiti
800gr. sykur
720 gr. smjör
4 stk egg
400 gr. kartöflumjöl
40 gr. lyftiduft
10 gr. hjartasalt
800 ml. mjólk
hnoðað saman látið standa í kæli yfir
nótt rúllað út og stungið með
mjólkurglassi sett sulta í miðju og loka
með gaffli og gott er að pensla með
eggj áður enn bakað er. bakað við ca.
180 8 til 10 mín

Piparkökur(mjúkar og góðar)

850 gr. sykur
7 dl. sýróp
1000 gr. smjörlíki
- hrært vel saman
6 stk. egg
- sett út í hægt
1650 gr. hveiti
10gr. pipar
26 gr. kanill
50 gr. natron
7 gr. negull
- sett út og hrært
í cirka 2 mín,
gott er að sprauta þessum.



Almar Þór Þorgeirsson bakari.